

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs dags. 30. apríl 2025

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Viðreisnar um Stöðu húsnæðis við Klapparstíg 19

Staða húsnæðis við Klapparstíg 19, gjarnan nefnt Klukkuhúsið er í mjög slæmu ástandi, stendur í dag í töluverðri niðurníðslu og vanrækt. Er staða málsins á borði umhverfis og skipulagssviðs og hvaða kosti hefur borgin á að bregðast við stöðunni þegar eignir standa í svo slæmu ástandi til lengri tíma?



Reykjavík, 4. september 2025

USK25010076

## Minnisblað

**Efni:** Úttekt á ástandi húsa/lóða og bókanir byggingarfulltrúa frá afgreiðslufundi 4. september 2025.

**Viðtakandi:** Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

**Sendandi:** Deild afnota og eftirlits

---

*Farið í eftirlit 1. september 2025 og ástand húsa og lóða skoðuð. Erindin tekin fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa með deild afnota og eftirlits þann 4. september 2025, þar sem eftirfarandi bókanir voru gerðar:*

**Laugavegur 73 – Mannheld girðing kringum lóð**

**Bókun:** Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem mannheld girðing er kringum lóðina.

**Þórsgata 6 – Húsið mannhelt**

**Bókun:** Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

**Klapparstígur 19 – Húsið mannhelt**

**Bókun:** Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

**Lindargata 62 – Húsið mannhelt**

**Bókun:** Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld

**Borgartún 34 – Mannheld girðing í kringum lóð**

**Bókun:** Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast að svo stöddu þar sem mannheld girðing er í kringum lóðina.

---

**Veghúsastígur 1 – Ástand húss – brotinn rúða – ker fullt af vatni**

**Bókun:** Þinglýstum eiganda gert að gera húsið mannhelt. Girða af lóð/ tryggja að ekki verði uppsöfnun á vatni í kerri til varnar þess að ekki skapist hætta á slysum.

Eftirlitsferð 4. nóvember 2025. Búið að fjarlægja ker og loka fyrir gluggum eins og krafist var.

**Óðinsgata 14 – Ástand húss- rúða brotin – brotajárn og drasl á lóð**

**Bókun:** Þinglýstum eiganda gert að gera fasteignina mannhelt og laga ástand girðingar- Erindi að því er varðar drasl á lóð verður áframsent á HER

Aftur farið í eftirlitsferð 14. apríl 2026. Staðfest að fasteign og girðing er mannheld.



Reykjavík



### **Njarðargata 35 – Ástand húss- drasl á lóð**

Bókun: Byggingarfulltrúi mun ekki aðhafast frekar að svo stöddu þar sem fasteign er mannheld. Erindi að því er varðar drasl á lóð verður áframsent á HER

